



Spáum 0,2% hækkun VNV

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 1,0% í 0,7%

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysliverðs (VNV) föstudaginn 19. desember nk. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölnunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 0,7% í desember. Það yrði þá lægsta verðbólga frá því í lok árs 1994.

Helstu áhrifavaldar milli mánaða:

Til hækkunar:

- **Flugfargjöld til útlanda** (+0,32% áhrif): Verð á flugfargjöldum er mjög háð eftirspurn. Til að mynda var verðið á haustmánuðum (sep.-nóv.) að meðaltali 30% lægra en í sumar (jún.-ágú.). Verð á flugi mun hækka yfir hátíðirnar.
- **Reiknuð húsaleiga** (+0,07% áhrif): Þessi liður lækkaði nokkuð óvænt milli mánaða í nóvember. Við teljum að sá mánuður hafi verið undantekning og húsnæðisverð haldi áfram að hækka á svipuðum hraða og hefur verið í haust.


Til lækkunar:

- **Bensín** (-0,19% áhrif): Ekkert lát er á lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu. Þegar þetta er skrifað kostar tunnan af Brent-olíu 66 USD í samanburði við 115 USD um miðjan júní. Samkvæmt verðmælingu okkar hefur lítrinn af bæði bensíni og díselolíu lækkað um 11 krónur milli verðmælinga.


Aðrir liðir breytast minna milli mánaða.

Verðbólgan undir neðri vikmörk


Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólgan fara undir neðri vikmörk verðbólguþámarksins. Við þær aðstæður ber Seðlabankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur hver ástæða frávikanna er og hvernig Seðlabankinn hyggst bregðast við.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Bloomberg




Lítill verðbólguþrýstingur næstu mánuði

Seinustu tólf mánuði hefur húsnæðisliðurinn hækkað um 5,5%. Árshækkun þjónustu er 2,5% og er því við verðbólguþrýstingumarkmiðið. Vörur, bæði innfluttar og innlendar, hafa hins vegar lækkað í verði.

Þar sem kjarasamningar eru almennt ekki lausir fyrr en í lok febrúar gerum við ekki ráð fyrir miklum verðbólguþrýstingi frá þjónustu á næstunni. Við gerum ráð fyrir að krónan verði áfram á því þrönga bili sem hún hefur verið á síðan í vor, m.a. vegna inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði. Það mun duga til að halda verðhækkunum á innfluttum vörum í skefjum.

Bráðabirgðaspá okkar gerir ráð fyrir 0,3% lækkun í janúar, 0,2% hækkun febrúar og 0,2% hækkun í mars á næsta ári. Gangi spá okkar eftir verður tólf mánaða verðbólgan 0,6% í mars.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.